

Sveitarstjóri Skeiða- og Gnúpverjahrepps
Silvía Karen Heimisdóttir
sylviakaren@skeidgnup.is

Reykjavík, 15. apríl 2026.

Efni: Vegir í náttúru Íslands, erindi vegna tilmæla ráðuneytis 2022

Með bréfi umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytisins til Náttúrugriða 20. október 2022 var samtökunum tilkynnt um tilmæli sem ráðuneytið hygðist beina til Skeiða- og Gnúpverjahrepps í tilefni af erindi samtakanna vegna vega í Þjórsárverum. Í niðurstöðu ráðuneytisins sagði:

Varðandi málsmeðferð Skeiða- og Gnúpverjahrepps við undirbúning og setningu vegaskrár, þá verður ekki annað séð af gögnum málsins en að nokkrir annmarkar hafi verið á undirbúningi vegaskrár af hálfu sveitarfélagsins. Eins og fram hefur komið liggur fyrir að sveitarfélagið leitaði ekki eftir sérstöku samráði við þá aðila sem kveðið er á um í 32. gr. náttúruverndarlaga að leita skuli til við vinnslu tillögunnar. Þessari skyldu sveitarfélagsins hafi ekki verið fylgt nægjanlega eftir jafnvel þótt Skipulagsstofnun hafi í samskiptum sínum ítrekað bent sveitarfélaginu á það við undirbúning að samþykkt skipulagsins og þar með vegaskrárinnar. Í umsögn sveitarfélagsins kemur fram ádráttur um að í ljósi þess að ekki hafi verið leitað samráðs við þá aðila sem þar eru taldir upp, gæti verið eðlilegt af hálfu sveitarfélagsins að bregðast við með því að taka málið upp að nýju og skoða og meta hvort rétt kunni að vera að gera breytingar á umræddri skrá og leita þá samráðs allra þeirra aðila sem kveðið er á um að leita skuli til í 32. gr. laganna. Af gögnum málsins undir rekstri máls þessa má sjá að Skeiða- og Gnúpverjahreppur hafi upplýst kæranda að sveitarfélagið hygðist ekki endurupptaka og fella niður ákvörðun sína um vegi í náttúru Íslands að svo stöddu og óljóst væri hvort svo yrði.

EKKI verður annað séð en að nokkrir annmarkar hafi einnig verið á samþykki og auglýsingu umræddrar vegaskrár í samræmi við 32. gr. náttúruverndarlaga, sbr. 2. mgr. 5. gr. reglugerðar nr. 260/2018. Ljóst er að vegaskráin er ekki hluti aðalskipulags, heldur skal samþykki og auglýsing hennar fara fram samhliða afgreiðslu aðalskipulags eða breytinga á aðalskipulagi, sbr. 32. gr. og 36. gr. skipulagslaga. Vegaskrá er, eins og fram hefur komið í máli þessu, í grunninn gagnaskrá eða stafræn skrá. Að mati ráðuneytisins þjónar það ekki tilgangi sínum að auglýsa hina stafrænu skrá sem slíka, heldur verður að telja nægilegt til að uppfylla slíka skylda að auglýsa og samþykkja skrána eftir að hinar stafrænu upplýsingar í skránni hafi verið settar út með réttum hætti á korti eða skýringaupprætti eins og gert var í máli þessu. Af fyrirliggjandi gögnum málsins, m.a. gögnum um samskipti sveitarfélagsins við Skipulagsstofnun, má hins vegar ráða að vegaskráin hafi verið í talsverðri vinnslu og sætt nokkrum breytingum af hálfu starfsmanna sveitarfélagsins, allt þar til nokkrum dögum fyrir auglýsingu Skipulagsstofnunar á gildistöku aðalskipulagsins, hinn 4. maí 2020. Aðalskipulagið sjálft var hins vegar, samkvæmt auglýsingu nr. 420/2020, samþykkt í sveitarstjórn hinn 8. janúar 2020. Telja verður því óljóst í máli þessu hvenær endanleg útgáfa vegaskrár var formlega samþykkt og auglýst af hálfu sveitarfélagsins í skilningi framangreindra lagaákvæða.

Í auglýsingu Skipulagsstofnunar um gildistöku aðalskipulagsins er ekki vikið sérstaklega að samþykki og gildistöku vegaskrár sveitarfélagsins eins og rétt hefði verið að gera að mati ráðuneytisins. Í umsögn Skipulagsstofnunar kemur hins vegar fram að frá því aðalskipulag Skeiða- og Gnúpverjahrepps tók gildi hafi Skipulagsstofnun tekið upp það eðlilega verklag að tilgreina sérstaklega í auglýsingu um gildistöku að sveitarfélag hafi samþykkt hlutaðeigandi aðalskipulag og skrá yfir vegi í náttúru Íslands.

Hvað varðar stjórnýslu sveitarfélagsins sem mál þetta fjallar um og þá annmarka sem voru á stjórnýslufráamkvæmd á vegum sveitarfélagsins, mun ráðuneytið í framhaldi af niðurstöðu þessa máls senda ábendingu til Skeiða- og Gnúpverjahrepps um að það skoði sérstaklega hvort tilefni sé til að endurskoða afgreiðslu sveitarfélagsins á vegaskránni í ljósi þeirra annmarka sem voru á málsmeðferð sveitarfélagsins við gerð og birtingu skrár um vegi, aðra en bíóðvegi, í náttúru Íslands, sbr. 32. gr. náttúruverndarlaga, sbr. reglugerð um vegi í náttúru Íslands, nr. 260/2018. (mín undirstrikun)

Tilefni erindis samtakanna var grófur utanvegaakstur í Þjórsárverum um slóða sem ætti ekki að vera til á neinni skrá, að mati heimamanna og Vina Þjórsárvera.

Á fundi sveitarstjórnar 21. desember 2022 var bókað að sveitarstjóra væri falið að **vinna málið áfram**, í kjölfar bréfs frá umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytinu, sem er dagsett 9. nóvember 2022, sem borist hafi um að skoðað verði hvort tilefni væri til að endurskoða afgreiðslu sveitarfélagsins á vegaskrá í ljósi annmarkanna.

Vegagerðin og Skipulagsstofnun gáfu í janúar 2024 út 2. útgáfu sérstakra leiðbeininga til sveitarfélaga um gerð skráar um vegi í náttúru Íslands og gagnaskil.

Við athugun á aðalskipulagi sveitarfélagsins í dag er ekki að sjá að neitt hafi breyst að þessu leyti, samtökin hafa ekki fengið neinar tillögur til umsagnar og ekki er að sjá að málið hafi verið á dagskrá sveitarstjórnarfunda á árunum 2023, 2024, 2025 eða á yfirstandandi ári.

Óskað er svars við því, hver afstaða sveitarstjórnarinnar er til tilmæla ráðuneytisins. Frestur er veittur til **29. apríl n.k.** til að svara því efnislega í hvern farveg málið hefur verið lagt.

Virðingarfyllst,



Snæbjörn Guðmundsson, formaður Náttúrugriða

Afrit send:

Sveitarstjórnarfulltrúum:

Haraldi Þór Jónssyni,
Vilborgu Ástráðsdóttur,
Bjarna H. Ásbjörnssyni,
Gunnari Erni Marteinsyni og
Gerði Stefánsdóttur.

Tryggva Felixsyni, stjórnarmanni Vina Þjórsárvera.

Umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytinu, Borgartúni 26, Reykjavík.

Innviðaráðuneytinu, Sölvhólgötu 7, Reykjavík.

HMS, Borgartúni 21, Reykjavík.

Náttúruverndarstofnun, Austurvegi 4, Hvolsvelli.

Vegagerðinni, Suðurhrauni 3, Garðabæ.